

Nr. 23/1891:

H. J. Ernst

gegn

A. Jörgensen.

D ó m u r :

Í fyrra sumar sagði áfrýjandinn, lyfsali H. J. Ernst á Seyðisfirði, öðrum manni þar í verzlunarstaðnum, að stefndi hefði sagt sjer, að nafngreindur maður væri valdur að peningaþjófnadi úr klúbb Seyðisfjarðar, sem framinn hafði verið um veturinn og töluvert umtal orðið út af og jafnvel rjettarrannsókn, og hafði áfrýjandinn í þessu efni eptir stefnda þessi orð: »Fanden lyne mig, det er ingen anden end N. N. (hinn nafngreindi maður), der har stjaalet Pengene«. Stefndi taldi sig móðgadan með því að vera borinn fyrir þessum áburði á annan mann, sem hann væri alveg saklaus af að eiga nokkurn þátt í, og höfðaði því mál gegn áfrýjanda fyrir lögreglurjetti Norður-Múlasýslu, sem dæmt var 6. febr. þ. á. þannig, að áfrýjandinn var samkv. 219. gr. hegningarlaganna dæmdur í 10 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 3 daga einfalt fangelsi, og hin kærðu ummæli áfrýjandans dæmd dauð og ómerk. Málskostnaður var látinn falla niður.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnda í þessu máli, en að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað allan fyrir báðum rjettum með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð. Stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hjeradsómurinn verði staðfestur, og áfrýjandinn dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Að vísu hefur máli þessu verið stefnt fyrir lögreglu-
rjett, og það rekið þar, en með því að öðru leyti hefur
verið með málið farið eptir reglunum í tilsk. 15. ágústm.
1832 um aukarjettarmál, lögskipuð sáttaumleitun fram-
farið í því, og báðir málsviðeigendur hafa haft tækifæri
til að koma fram málsútlistan sinni, er eigi ástæða til
þess að ómerkja dóminn ex officio fyrir þessa skuld.

Eins og áður er tekið fram er hið átalda brot áfrýj-
andans í þessu máli það, að hann hafði haft eptir
stefnda, að hann hefði sagt sjer, sem álit sitt, að nafn-
greindur maður mundi vera valdur að peningastuldi
nokkrum, en þetta getur ekki eitt sjer talizt saknæm
ærameiðing. Það verður því að sýkna áfrýjandann af
sektarkröfu stefnda í þessu máli, og er eigi heldur á-
stæða til að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk.
Í málskostnað fyrir báðum rjettum virðist rjett, að stefndi
greiði áfrýjanda 30 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, lyfsali H. J. Ernst, á að vera sýkn
af kærnum og kröfum stefnda, A. Jörgensens bak-
ara, í þessu máli. Stefndi greiði áfrýjanda í máls-
kostnað fyrir báðum rjettum 30 krónur, er lúkist
innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir að-
fór að lögum.